



35. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Fimmtudaginn 4. október 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.
 2. Vinnuferli vegna fjárhagsáætlunar.
 3. Minnisblað frá byggingafulltrúa um viðhald Félagsheimilisins á Blönduósi.
 4. Frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21.
 5. Frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 17. sept. sl.
 6. Frá menningarráði Norðurlands vestra
 - a. Fundargerð frá 21. september sl.
 - b. Framlög sveitarfélaga til menningarráðsins.
 7. Fundargerðir:
 - a. Héraðsráð frá 20. ágúst sl.
 - b. Héraðsráð frá 30. ágúst sl.
 - c. Héraðsráð frá 9. sept. sl.
 - d. Stjórn SSNV frá 19. september sl.
 8. Möguleikar til endurvinnslu sorps í Blönduósbæ.
 9. Önnur mál.
-

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.

Farið yfir einstaka málaflokka og breytingar á þeim. Skólastjóri og leikskólastjóri mættu á fundinn og greindu frá hækkunum á 04-fræðslu- og uppeldismálum.

Fyrirliggjandi áætlun gerir ráð fyrir hækkun gjalda sem nemur 46.551 þús kr. og hækkun tekna sem nemur 74.000 þús kr. Niðurstaða A og B hluta m.v. upphaflega áætlun var neikvæð um 21.876 þús kr. en við endurskoðun áætlunar er gert ráð fyrir 19.880 þús kr. halla á rekstrarreikningi samstæðu. Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi endurskoðun á fjárhagsáætlun 2007 og vísar henni til samþykktar í bæjarstjórn.

2. Vinnuferli vegna fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjóri lagði fram til kynningar yfirlit um tímaáætlanir og vinnuferli fjárhagsáætlanagerðar 2008. Stefnt er að fyrri umræðu í bæjarstjórn þ. 13. nóvember nk. og síðari umræðu 11. des 2007.

3. Minnisblað frá byggingafulltrúa um viðhald Félagsheimilisins á Blönduósi.

Mættur er Stefán Arnason, byggingafulltrúi sem fór með fundarmönnum yfir minnisblað sem hann hefur tekið saman vegna viðhaldsmála hússins.

Tillögur byggingafulltrúa samþykktar skv. lausn 1 á minnisblaði.

4. Frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21.

Bent er á að sveitarfélögum á Íslandi er tryggður aðgangur að ráðgjöf um Staðardagskrá 21 og sjálfbæra þróun, þeim að kostnaðarlausu. Lagt fram til kynningar.

5. Frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 17. sept. sl.

Tilkynning um að sjóðnum hefur verið breytt í ohf. og að félagið hafi hlotið starfsleyfi sem lánafyrirtæki.

6. Frá menningarráði Norðurlands vestra

a. Fundargerð frá 21. september sl.

Lögð fram til kynningar.



b. Framlög sveitarfélaga til menningarráðsins.

Framlög sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nemur a.m.k. 17,5% af heildarfjárhæðinni. Jafnframt skulu sveitarfélögin greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar ársins 2008 vegna starfsemi ráðsins. Skv. meðfylgjandi áætlun vegna menningarsamnings NV er áætlað framlag Blönduóssbæjar á árinu 2008 kr. 804.485,- eða 11,96% af heildarframlögum sveitarfélaganna. Vísað til fjárhagsáætlanagerðar 2008.

7. Fundargerðir:

a. Héraðsráð frá 20. ágúst sl.

Lögð fram til kynningar.

b. Héraðsráð frá 30. ágúst sl.

Lögð fram til kynningar.

c. Héraðsráð frá 9. sept. sl.

Lögð fram til kynningar.

d. Stjórn SSNV frá 19. september sl.

Lögð fram til kynningar.

8. Möguleikar til endurvinnslu sorps í Blönduóssbæ.

Bæjarstjóri greindi frá fundi með fulltrúa Gámaþjónustunnar hf. þar sem kynntir voru möguleikar í flokkun og endurvinnslu sorps. Lagt fram minnisblað um leiðir til flokkunar á sorpi.

Bæjarráð óskar eftir nánari útreikningum og útfærslu á flokkun sorps í grenndargáma.

9. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:35

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)